

Ed.

97. Frumvarp til laga

um framlenging á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Lög nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, skulu gilda árin 1943 og 1944.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Frumvarp þetta er flutt eftir tilmælum fjármálaráðuneytisins, og eru einstakir nefndarmenn óbundnir um einstök atriði þess. Frumvarpinu fylgdi eftirfarandi greinargerð:

„Lög nr. 33 1928 mæla svo fyrir, að h/f Eimskipafélag Íslands skuli með ákveðnum skilyrðum vera undanþegið eignar- og tekjuskatti árin 1929 og 1930, og er því veitt ivilnun á útsvari fyrir sama tímabil.

Undanþága þessi frá skattgreiðslum hefur síðan verið stöðugt framlengd og síðast fyrir árin 1941 og 1942, með lögum nr. 93 1940.“

Einn nefndarmanna, BSt, var fjarverandi sakir veikinda, þegar mál þetta var tekið til flutnings.